

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 750/2001**

frá 18. apríl 2001

**um breytingu á II. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginleiga aðferð til að ákvarða hámarks magn leifa dýrallyfja í matvælum úr dýraríkinu**

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

fjarlægð úr skrokkum í alþjóðaviðskiptum og því ætti einnig ávallt að ákvarða leyfilegt hámarks magn leifa í vöðva- eða fituvef.

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

5) Þegar um er að ræða dýrallyf fyrir varpfugla, mjólkandi dýr eða býflugur skal einnig ákvarða leyfilegt hámarks magn leifa í eggjum, mjólk eða hunangi.

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 frá 26. júní þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarks magn leifa dýrallyfja í matvælum úr dýraríkinu <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 749/2001 <sup>(2)</sup>, einkum 6., 7. og 8. gr.,

6) Bæta skal asetýlsalisýlsýru, asetýlsalisýlsýru DL-lýsini, karbasalatkálsíum og natríumasetýlsalisýlati við í II. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2377/90.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

7) Veita skal nægilegan frest áður en þessi reglugerð öðlast gildi svo að aðildarríkin fái svigrúm til að gera þær breytingar, sem kunna að vera nauðsynlegar með tilliti til ákvæða þessarar reglugerðar, á markaðsleyfum sem hafa verið veitt fyrir viðkomandi dýrallyf í samræmi við tilskipun ráðsins 81/851/EBE <sup>(3)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2000/37/EB <sup>(4)</sup>.

1) Í samræmi við reglugerð (EBE) nr. 2377/90 verður smám saman að ákvarða leyfilegt hámarks magn leifa allra lyfjafræðilega virkra efna sem eru notuð í bandalaginu í dýrallyf fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis.

8) Ráðstafanir, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýrallyf.

2) Ekki skal ákvarða leyfilegt hámarks magn leifa fyrr en nefndin um dýrallyf hefur kannað allar viðeigandi upplýsingar varðandi skaðleysi leifa viðkomandi efnis fyrir þá sem neyta matvæla úr dýraríkinu og áhrif þessara leifa á iðnaðarvinnslu matvæla.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

3) Við ákvörðun á leyfilegu hámarks magni dýrallyfjaleifa í matvælum úr dýraríkinu er nauðsynlegt að tilgreina dýrategundirnar, sem leifarnar kunna að finnast í, magnið, sem má vera í hverjum viðkomandi vef úr dýri sem hefur fengið lyfjameðferð (markvef), og hvaða eiginleikar leifarinnar skipta máli við eftirlit með leifum (leifamerki).

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2377/90 er hér með breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

4) Til að auðvelda eftirlitið með leifum sem kveðið er á um í viðeigandi löggjöf bandalagsins skal að jafnaði ákvarða leyfilegt hámarks magn leifa í markvefjum lifrar eða nýrna. Hins vegar eru lifur og nýru oft

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Hún kemur til framkvæmda sextíu dögum eftir birtingu hennar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 224, 18.8.1990, bls. 1.<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 109, 19.4.2001, bls. 32.<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 317, 6.11.1981, bls. 1.<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 139, 10.6.2000, bls. 25.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. apríl 2001.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Erkki LIIKANEN

*framkvæmdastjóri.*

—

VIÐAUKI

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2377/90 er breytt sem hér segir:

2. Lífræn efnasambönd

Lyfjafræðilega virk efni	Dýrategundir	Önnur ákvæði
„Asetýlsalisýlsýra	Nautgripir Svín Kjúklingar	Ekki ætlað dýrum sem gefa af sér mjólk til manneldis Ekki ætlað dýrum sem gefa af sér egg til manneldis
„Asetýlsalisýlsýru DL-lýsín	Nautgripir Svín Kjúklingar	Ekki ætlað dýrum sem gefa af sér mjólk til manneldis Ekki ætlað dýrum sem gefa af sér egg til manneldis
Karbasalatkalsúm	Nautgripir Svín Kjúklingar	Ekki ætlað dýrum sem gefa af sér mjólk til manneldis Ekki ætlað dýrum sem gefa af sér egg til manneldis
Natríumasetýlsalisýlat	Nautgripir Svín Kjúklingar	Ekki ætlað dýrum sem gefa af sér mjólk til manneldis Ekki ætlað dýrum sem gefa af sér egg til manneldis“